

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2013, föstudaginn 21. júní kl. 9:00 var haldinn 189. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Haraldur Flosi Tryggvason, Kjartan Magnússon, Sóley Tómasdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hrönn Ríkharðsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð stjórnarfunda 187 og 188 lagðar fram, undirritaðar og staðfestar.
2. Fjármögnun Orkuveitu Reykjavíkur.
 - Lögð fram svohljóðandi tillaga um framlengingu rekstrarlánalína, tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir, með fyrirvara um staðfestingu eigenda, að heimila forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála að ganga til samninga við íslenskar fjármálastofnanir um framlengingu á lánalínunum að fjárhæð 8 milljörðum til ársloka 2016.

Heimildin nær einnig til þess að undirrita samninga og önnur nauðsynleg skjöl tengd þessum samningum.

Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, kynnti tillöguna. Umræður. Samþykkt.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga um sölu á skuldabréfi Magma Energy Sweden AB. Tillögunni fylgir greinargerð og kauptilboð, dags. 20. júní 2013:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að taka tilboði B frá Landsbréfum, dags. 20. júní 2013, með fyrirvara um samþykki endanlegra skjala.

Ingvar Stefánsson og Hálfdan Gunnarsson kynntu tilboðið. Umræður. Samþykkt með fyrirvara um samþykki eigenda með 5 atkvæðum. Kjartan Magnússon situr hjá.

- Ingvar Stefánsson, Bjarni Freyr Bjarnason forstöðumaður Hagmála og Páll Erland, framkvæmdastjóri virkjana og sölu kynntu hugmyndir að fjármagnsskipan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur eftir væntanlega uppskiptingu félagsins og áætlun Virkjana og sölu til ársins 2024.
 - Lagt fram erindi til eigenda, dags. 21.6. 2013, um túlkun Orkuveitu Reykjavíkur um umboð og heimildir skv. lögum, sameignarsamningi, aðgerðaáætlun OR og eigenda og í eigendastefnu hvað fjármálagerninga varðar. Umræður. Afgreiðslu frestað.
3. Lögð fram svohljóðandi tillaga um um ferli við undirbúning sölu Gagnaveitu Reykjavíkur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að ferli við sölu Gagnaveitu Reykjavíkur verði þannig að á tímabilinu júní til september 2013 verði unnið að endurfjármögnun félagsins. Á tímabilinu ágúst til desember 2013 verði unnið að undirbúningi sölu og að söluferlið sjálft verði á tímabilinu janúar til mars 2014.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including names like 'Ingvar Stefánsson', 'Björn Bjarki', and 'Sóley Tómasdóttir'.

Kjartan Magnússon óskar bókað:

Undirritaður þakkar fyrir framlögð svör við spurningum um stöðu jarðhitamála á Hellisheiði m.t.t. forðafræði og niðurdælingar dags. 11. júní. Ekki verður hjá því komist að gera alvarlegar athugasemdir við það hvernig staðið hefur verið að upplýsingagjöf til stjórnar fyrirtækisins í þessu mikilvæga máli, sem varðar rekstrargrundvöll mestu fjárfestingar í sögu þess. Veturinn 2011-2012 óskaði undirritaður itrekað eftir því að stjórnin fengi kynningu á forðafræði jarðhitasvæða fyrirtækisins en án árangurs. Á stjórnarfundi 16. október 2012 lagði undirritaður síðan fram formlega bókun með ósk um að stjórn fengi ýtarlega kynningu á forðafræði jarðhitasvæða fyrirtækisins og helstu álitaeftum þar að lútandi. Sjö mánuðir liðu þar til slík kynning fór loks fram, á stjórnarfundi 17. maí sl. Í ljósi síðustu atburða er algerlega óviðunandi að svo lengi hafi dregist að kynna stjórn uggvænlega sýn yfirstjórnar fyrirtækisins á stöðu jarðhitamála á Hellisheiði. Þær rannsóknir, sem liggja til grundvallar þeim yfirlýsingum sem forstjóri fyrirtækisins hefur gefið á undanförunum vikum var hins vegar kynnt á innanhússmálþingi fyrir starfsmenn Orkuveitunnar 7. maí sl.

- Brennisteinsvetni. Forstjóri fjallaði um brennisteinsvetni frá jarðhitavirkjunum, brennisteinsvandann á Hellisheiði og mögulegar lausnir. Stjórn leggur áherslu á að skoðun á þeim möguleika að byggja útblástursháf við Hellisheiðarvirkjun verði sett í forgang og hraðað sem kostur er en aðrir möguleikar verði skoðaðir samhliða.
 - Svanbjörn Thoroddsen og Gunnar Tryggvason frá KPMG mættu á fundinn og kynntu stöðu mála varðandi undirbúning samninga um Hverahlíðarvirkjun og tillögur KPMG í því sambandi. Umræður.
 - Lagt fram minnisblað lögfræðings OR, dags. 13. júní 2013, um skuldbindingar OR í tengslum við orkuframleiðslu Hellisheiðarvirkjunar, sem óskað var eftir á upplýsingafundi stjórnar OR þann 11. júní sl.
6. Hrafnabjargavirkjun, sala á hlut OR til Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur. Frestað.
 7. Ársskýrsla regluvarðar. Frestað.
 8. Tillaga að gjaldskrá vatnsveitu. Frestað.
 9. Stefna, markmið og mælikvarðar lagðir fram.

Formaður starfskjaranefndar lagði til að gerð yrði svohljóðandi breytingu á starfskjarastefnu: Úr 5. gr. falli orðin „og starfsmenn“. Greinin verði svohljóðandi:

„Ekki skal gera samninga við stjórnendur, sem fela í sér starfslokagreiðslur umfram skyldur þess samkvæmt lögum og kjarasamningum, nema með samþykki stjórnar“.

Samþykkt.

10. Skýrsla forstjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lögð fram.
11. Önnur mál.

Magnússon
EPR
SA
U. A. BW
AR³
ES

- Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela forstjóra að láta vinna varaáætlun vegna neysluvatns, ef til þess kæmi að núverandi vatnsból yrði fyrir mengun eða skemmdum af einhverjum toga.


Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15:45.

Haraldur Flosi Tryggvason,
Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hrönn Ríkharðsdóttir,
Kjartan Magnússon, Björn Bjarki Þorsteinsson, Sóley Tómasdóttir.




Ragnor Þorsteinsson
Hrönn Ríkharðsdóttir
Sóley T

Kjartan Magnússon



MES signed
Ragnor Þorsteinsson

Þorsteinsson